



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### *Laugardalur - austurhluti*

Á fundi borgarstjórnar þann 19. október 2021 var lagður fram 1. liður fundargerðar borgarráðs frá 7. október, Laugardalur, austurhluti – deiliskipulag.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi breytingatillögu vegna 1. liðar fundargerðar borgarráðs frá 7. október, Laugardalur, austurhluti – deiliskipulag:

Lagt er til að Borgarstjórn Reykjavíkur samþykki að skoða að koma smáhýsunum, sem til stendur að setja niður í Laugardalnum, fyrir í Örfirisey, á svæði Faxaflóhafna, þar sem hverfisbækistöð Vesturbæjar stendur. Þar er um 12.000 m<sup>2</sup> tilbúin lóð og hægt yrði að koma smáhýsunum fyrir strax áður en kólna tekur og vetur gengur í garð. Fyrir á lóðinni eru fjögur smáhýsi og komið hefur í ljós að staðsetningin hentar vel fyrir úrræði af þessu tagi en stutt er í alla þjónustu í nágrenninu. Með fjölgun smáhýsanna í Örfirisey skapast grundvöllur til að samnýta starfsmann til að hafa umsjón með húsnæðinu og styðja við íbúa þeirra til sjálfstæðs lífs.

Breytingatillögunni var vísað frá með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.


1. liður fundargerðarinnar frá 7. október, Laugardalur, austurhluti – deiliskipulag, var samþykktur með 14 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Vinstri grænna og Flokks fólksins gegn 9 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun undir 1. og 7. lið fundargerðar borgarráðs frá 7. október:

1. liður; Laugardalur – austurhluti – deiliskipulag, það þarf að gera allt til að ná sátt um þetta viðkvæma mál við íbúa hverfisins. Á staðnum er mikilvægt að hafa umsjón allan sólarhringinn, einstaklingur og fagteymi sem er tilbúið að stíga inn og aðstoða eftir þörfum. Hér er mikilvægt að velferðarsvið bregðist ekki skyldum sínum, ella er hætt á að þetta úrræði sem búið er að leggja mikið í mistakist. 7. liður; breytingar á reglum um leikskólaþjónustu. Borgarfulltrúi Flokks fólksins mótmælir styttingu á

opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar og tekur þar með undir með foreldrafélaginu. Einnig er mótmælt takmörkun á leyfilegum heildarvistunartíma í 42,5 klst. Sumar fjölskyldur þurfa meiri vistunartíma en þetta. Breytingarnar munu auka álag á fjölskyldur í borginni. Stytting opnunartíma leikskóla og skerðing á þjónustu sem lögð er til mun hafa neikvæð áhrif á fjölmargar fjölskyldur sem hafa minnst bakland og þurfa mest á leikskólavist að halda. Skert þjónusta leikskóla eykur ekki endilega gæðasamverustundir foreldra og barna heldur getur aukið álag á fjölskyldur og minnkað gæðastundirnar í fjölskyldunni. Þessi breyting mun minnka þjónustu í nærumhverfi íbúa og leiða til meiri aksturs í andstöðu við markmið borgarinnar í umhverfismálum. Niðurstöður jafnréttismatsins sýna líka ótvírætt að stytting opnunartíma hefur meiri áhrif á mæður en feður.



Helga Björk Laxdal  
e.u.